



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



MERKTRÉ Á AKUREYRI

Ljósmyndir • Upplýsingar • Kort

Ágæti trjáskoðandi.

Við val trjáanna sem talin eru upp í bæklingi þessum voru nokkur atriði höfð að leiðarljósi þar sem strax var ljóst að úr miklum fjölda trjáa væri að velja.

Merk tré voru valin vegna þess að þau væru sjaldséð, gömul, stór, sérlega falleg eða sérkennileg. Einnig að þau væru aðgengileg og að eigendur þeirra heimiluðu kynningu á trjánum sem reyndist auðsótt.

Í örfáum tilfellum er tegundargreining trjáa óljós og þá er það tekið fram.

Ákveðið var að sleppa upplýsingum um aldur trjáanna þar sem gróðursetningarár liggur í fæstum tilfellum fyrir. Hæð trjáanna var mæld af starfsmönnum Skógræktarfélags Eyfirðinga í ágúst 2005.

Skógræktarfélagið vill þakka Akureyrarbæ fyrir stuðninginn við gerð þessa bæklingis og einkum starfsfólki Framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar og Lystigarðsins sem aðstoðaði við val á trjám og greiningu trjátegunda.

Sérstakar þakkir færir S.E. garðeigendum á Akureyri sem veitt hafa góðfúslegt leyfi til að benda á tré sín með þessum hætti.

Trjáskoðendur eru hvattir til að sýna fyllstu tillitssemi við garðeigendur þegar trén eru skoðuð.



Vörtubirki (*Betula pendula*)
Gamla gróðrarstöðin

1

Uppruni: Skandinavía

Hæð: 15 m

Á þessum stað var rekin gróðrarstöð og síðan tilraunastöð frá byrjun 20. aldar og fram til 1974. Þarna er því að finna mörg gömul og merkileg tré. Vörtubirkið er glæsilegt tré og sennilega um 100 ára gamalt.



Alaskaösp (*Populus trichocarpa*)
Aðalstræti 68

2

Uppruni: Norður-Ameríka, Alaska

Hæð: 20 m

Tvær háar aspir. Sú hærri er 20 metra há og því með hæstu trjám bæjarins.



Birki (*Betula pubescens*) Minjasafnsgarður

3

Uppruni: Ísland
Hæð: 14,8 m
Hávaxið birkitré og sennilega hæsta birki landsins.



Reyniviður (*Sorbus aucuparia*) Minjasafnsgarður

4

Uppruni: Ísland
Hæð: 14,5 m
Óvenju hávaxið reynitré og sennilega hæsti reynir hér á landi.



Síberíulerki (*Larix sibirica*) Aðalstræti 52

5

Uppruni: Rússland og Síbería
Hæð: 13,8 m
Hávaxið og fallett lerkitré með breiða krónu og sveran stofn. Þetta tré var valið tré ársins af Skógræktarfélagi Íslands árið 1997.



Síberíulerki (*Larix sibirica*) Aðalstræti 19

6

Uppruni: Rússland og Síbería
Hæð: 14,5 m
Þessi trjátegund er mikið notuð í skógrækt á Norðurlandi og er einnig vinsælt garðtré. Þetta tré er hátt og beinvaxið.



Alaskaösp (*Populus trichocarpa*) Lystigarðurinn á Akureyri

7

Uppruni: Norður-Ameríka, Alaska
Hæð: 15 m
Stórt og mikið tré sem stendur stakstætt á grasflöt. Þessu tré hefur verið fjölgað undir yrkisheitinu „Randi“.



Reyniviður (*Sorbus aucuparia*) Lystigarðurinn

8

Uppruni: Ísland
Hæð: 10,75 m
Þetta er hávaxið reynitré með einn beinan stofn og mjóa trjákrónu. Það hefur hlotið yrkisnafnið „Beini“.



Næfurheggur (*Prunus maackii*) Lystigarðurinn

9

Uppruni: Austur-Asía

Hæð: 5,75 m

Í Lystigarðinum er að finna mörg merkileg tré sem eru sjaldgæf en þrífast vel. Næfurheggurinn er gott dæmi um það, fallegt tré með sérkennilegum berki.



Silfurreynir (*Sorbus intermedia*) Grófargil

10

Uppruni: Skandinavía

Hæð: 10 m

Stór og fallegur silfurreynir sem stendur á áberandi stað í Grófargili.



Gráösp (*Populus x canescens*) eða blæösp (*Populus tremula*)

11

Neðan við Andapollinn í Gilinu

Uppruni: Evrópa

Hæð: 11,5 m

Stór og falleg tré. Lengi var talið að þessi tré væru blæaspir en trén bera nokkur einkenni gráaspar sem er kynblendingur blæaspar og silfuraspar.



Blæösp (*Populus tremula*) Oddeyrargata 26 (Lögbergsgata)

12

Uppruni: Ísland (Evrópa)

Hæð: 11 m

Tvær hávaxnar blæaspir í stórum garði bak við húsið. Trén sjást frá Lögbergsgötu. Blæaspir vaxa villtar á fáeinum stöðum á landinu en þessi tré eru óvenju há og kröftug.



Birki (*Betula pubescens*) Hlíðargata 6

13

Uppruni: Ísland

Hæð: 12,25 m

Hávaxið og formfagurt birkitré. Ljós stofn.



Evrópulerki (*Larix decidua*) Helgamagrastræti 5

14

Uppruni: Evrópa, Alpafjöll

Hæð: 11,5 m

Evrópulerki finnst í einstaka görðum en er ekki mikið ræktað. Þetta tré er stórt og mikið, með vöxtulegri trjámför af þessari tegund.



Evrópulerki (*Larix decidua*) Helgamagrastræti 23

15

Uppruni: Evrópa, Alpafjöll

Hæð: 7 m

Tré með sérkennilegu vaxtarlagi. Setur mikinn svip á götumyndina.



Alaskaösp (*Populus trichocarpa*) Hamarstígur 4

16

Uppruni: Norður-Ameríka, Alaska

Hæð: 16 m

Hátt og áberandi tré. Mikil trjákróna.



Sitkabastarður (*Picea x lutzii*) Munkaþverárstræti 1

17

Uppruni: Vestanverð Norður-Ameríka

Hæð: 18 m

Hávaxið og formfagurt tré.



Álmur (*Ulmus glabra*) Munkaþverárstræti 6

18

Uppruni: Evrópa

Hæð: 10 m

Álmur vex í fáeinum gördum á Akureyri. Þetta er hæsta álmtréð í bænum, fagurt og krónumikið.



Birki (*Betula pubescens*) Munkaþverárstræti 26 (Sniðgata)

19

Uppruni: Ísland

Hæð: 10,5 m

Hávaxið birkitré með áberandi hangandi greinum. Húsið tilheyrir Munkaþverárstræti en tréð stendur við Sniðgötu. Þetta tré var valið tré ársins af Skógræktarfélagi Íslands árið 1998.



Fuglakirsuber (*Prunus avium*) Brekkgata 30

20

Uppruni: Evrópa, Skandinavía

Hæð: 6 m

Fuglakirsuber er mjög sjaldgæft hér á landi. Þetta er einskakt tré, fallegt og blómviljugt. Tréð blómstrar snemma vors og setur mikinn svip á umhverfið. Það myndar ekki ber, sennilega vegna þess að það þarf annað tré til a frjóvgva blómin.



Gullregn (*Laburnum alpinum*)
Oddeyrargata 10

21

Uppruni: Evrópa, Alpafjöll

Hæð: 7 m

Gullregn vex víða í gördum á Akureyri. Þetta tré er sérstaklega formfagurt og blómviljugt. Blómstrar mikið snemma sumars.



Alaskaösp (*Populus trichocarpa*)
Oddeyrargata 12

22

Uppruni: Norður-Ameríka, Alaska

Hæð: 21,5 m

Hæsta tré á Akureyri.



Döggling sviður (*Pseudotsuga menziesii*)
Bjarmastígur 13

23

Uppruni: Vesturluti Norður-Ameríku

Hæð: 10,5 m

Sjaldgæf trjategund hér á landi. Þetta tré er formfagurt og enn í ágætum vexti.



**Berlínarösp (*Populus x berolinensis*)
eða Asíuösp (*Populus suaveolens*)**
Bjarmastígur 1

24

Uppruni: Asía eða Evrópa

Hæð: 14,5 m

Sérstakt tré sem ekki hefur verið greint til tegundar svo öruggt sé. Þetta tré var lengi með hæstu trjám landsins en missti toppinn í óveðri fyrir nokkrum árum.



**Silfurösp (*Populus alba*)
eða Gráösp (*Populus x canescens*)**

25

Brekkugata 8

Uppruni: Evrópa

Glæsilegt tré. Hávaxið með sveran stofn og sérkennilegan börk. Lengi var talið að þetta væri gráösp sem er blendingur blæspar og silfuraspar en einnig gæti tréð verið silfurösp. Þessi trjategund er mjög sjaldgæf hér á landi.



Alaskaösp (*Populus trichocarpa*)
Grænagata 4

26

Uppruni: Norður-Ameríka, Alaska

Hæð: 16,5 m

Stórt og krónumikið tré, eggлага króna.



Silfurreynir (*Sorbus intermedia*) Norðurgata 32

27

Uppruni: Skandinavía

Hæð: 12,5 m

Viða má finna gömul og falleg silfurreynitré í görðum á Akureyri. Þetta tré er óvenju formfagurt og hávaxið.



Heggur (*Prunus padus*) Norðurgata 43

28

Uppruni: Evrópa, Skandinavía

Hæð: 8 m

Heggur er algengur í görðum á Akureyri. Þetta tré er hávaxið og blómviljugt.



Garðahlynur (*Acer pseudoplatanus*) Sólvellir 5

29

Uppruni: Evrópa, Alpafjöll

Hæð: 10 m

Hlynur vex í nokkrum görðum á Akureyri. Þetta tré er óvenju hávaxið og formfagurt.



Sitkagreni (*Picea sitchensis*) Reynivellir 8

30

Uppruni: Vestanverð Norður-Ameríka

Hæð: 17,25 m

Hávaxið og beinvaxið tré.



Súlublæösp (*Populus tremula* 'Erecta') Álfabyggð 20

31

Uppruni: Svíþjóð

Hæð: 7,75 m

Í þessum garði standa tvær súlublæáspir. Þetta eru ung tré í góðum vexti og þrífast vel. Vaxtarlagið er sérkennilegt þar sem allar hliðargreinar vaxa upp með stofninum og trén eru því súlulaga.



Eik (*Quercus* sp.) Dalsgerði 2a

32

Uppruni: Evrópa, Skandinavía

Hæð: 3,75 m

Eik er sjaldséð hér á landi en þetta tré er fallegt og þrífst vel. Tréð hefur ekki verið tegundargreint svo óyggjandi sé en er sennilega sumareik (*Quercus robur*) eða blendingur sumareikur og vetrareikur (*Q. petraea*).



Merk tré á Akureyri

Akureyri hefur verið kölluð „bærinn í skóginum“ og ekki að ástæðulausu; mikill og hraustlegur gróður ásamt glæsilegu bæjarstæðinu gerir Akureyri að einum fegursta kaupstað landsins.

Allt frá því að trjárækt hófst á Íslandi í einhverjum mæli í kringum aldamótin 1900 hefur Akureyri staðið feti framar öðrum bæjarfélögum á landinu á því sviði. Trjá- og skógrækt í Eyjafirði og á Akureyri á sér djúpar og sterkar rætur og hefur sett sterkan svip á héraðið. Margir af merkustu frumkvöðlum landsins á þessu sviði komu úr Eyjafirði og höfðu mikil áhrif víðs vegar um land.

Í tilefni af 75 ára afmæli félagsins þann 11. maí 2005 réðst Skógræktarfélag Eyfirðinga í útgáfu þessa bæklinga, þar sem vakin er athygli á merkjum trjám á Akureyri og áhugafólki er auðveldað að finna trén og njóta þeirra.



Velkomin í Skógræktarfélagið

Félagar í S.E. njóta ýmissa hlunninda annarra en að stuðla að aukinni skógrækt í héraðinu:

- Nýir félagsmenn fá bókina Ásýnd Eyjafjarðar að gjöf við skráningu í félagið.
- Félagar í S.E. fá afslátt af verði plantna hjá Gróðrarstöðinni í Kjarna.
- Félagar í S.E. eiga kost á að fá leigt land til skógræktar á vægu verði.
- Félagar í S.E. fá Laufblaðið, fréttarit Skógræktarfélags Íslands, sent sér að kostnaðarlausu.
- Félögum í S.E. býðst að taka þátt í gefandi félagsstarfi og stuðla að framgangi góðs málefnis.



Nánari upplýsingar veita starfsmenn félagsins
Skráning í síma 462 4047



Miðhúsamýri

Miðhúsaflói

Smáhóll

P

Tjarnarhóll

Tjarnarhóls mýri

Nausta
hverfi

Lækjartún

Naustabæir

Miðhúsabraut

Höfðavegur

Kirkju
garður

Naustagili

Skammagili

Minjasafnið

Nonna
hús

Friðbj.
hús

Aðalstræti

1 Iðnaðarsafn


Gamla
gróðrarstöðin

Krókeyri

Skauta
höll

Leirutjörn

Krókeyraráll



Hest klettur

Skógarlundur

Dalsgerði

Stóragerði

Íþr. svæði K.A.

Lundaskóli

Þingvallastræti

Dalsbráut

Grenilundur

Mýrarvegur

asund

arvegur

Eyrarlands holt

VMA

Mimisbráut

Hringteigur

Álfavogi

Hrafnagilstræti

Byggðavegur

Hamarsstigur

Póruvogi

Dvalarh. Hlíð

Lögbergsg.

Holttag.

Hlíðarg.

Oddeyri

FSA Sjúkrahús

Lysti garðurinn

MA

Brekku skóli

Gamli barnask.

Leikhús

Drottningarbráut

Hafnar stræti

Eyrarlandsv.

Torfun

Nonnasteinn Gudm. Minde

Laxd hús

0 200 400 600 800 m

Leirán

Pollurinn

